

Starfsfræðsla 10. bekkur 2019 –2020

Í stundaskrá skólans er 10. bekk ætlaðar 40 mínútur í viku í starfsfræðslu

Umsjónamaður er Arnheiður Dögg Einarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Markmið og kennsluhættir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla; skal undirbúa nemendur undir frekara nám og starf með markvissri náms- og starfsfræðslu, viðtækri kynningu á námi sem er í boði að loknu skyldunámi, kynningu á atvinnulífinu og hvernig nám býr fólk undir fjölbætt störf sem bjóðast í samfélaginu. (Aðalnámskrá - almennur hluti 2011 - greinasvið 2013, bls 39)

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Í vetur hafa verið sett eftirfarandi markmið í starfsfræðslu:

Að nemendur:

- þekki hlutverk náms- og starfsráðgjafa og viti hvaða aðstoð og stuðningur stendur þeim til boða í grunn- og framhaldsskólum
- séu virkir í þekkingaröflun sinni, nýti sér tækifæri til að hafa áhrif á inntak fræðslunnar og hugleiði hvaða störfum þeir vilji kynnast
- þekki fjölbreytta möguleika í framhaldsnámi og þekki fjölbreytt störf í nærumhverfi sínu, velti einnig fyrir sér nýjum störfum
- æfist í að ræða um nám og störf (viðtalsverkefni)
- átti sig á gildum sínum og viðhorfum með tilliti til hvernig þau tengjast farsælum náms- og starfsferli, hugleiði hvaða ólíku hæfni, færni og mannkosta störf krefjast
- horfi á vinnumarkaðinn með tilliti til jafnréttis til náms- og starfa og varist að láta kynbundnar staðalímyndir móta viðhorf sitt.
- æfist í að setja upp ferilskrá og æfist í að orða styrkleika sína, áhuga og gildi
- átti sig á valmöguleikum sínum og hugleiði hvernig viðhorf og viðbrögð hafa áhrif á árangur og ánægju í lífi og starfi
- æfist í að sjá tækifærin í umhverfi sínu og hvernig með seiglu og jákvæðu viðhorfi hægt er að vinna á hindrunum

- læri aðferðir til að bera saman og meta valkosti og æfist í að beita þessum aðferðum við val á stað fyrir starfskynningu og vali á framhaldsskóla og námsbraut
- kynnist áhugakönnunum og læri að lesa úr niðurstöðum þeirra
- kynnist því hvernig má nýta niðurstöður áhugakönnunar til aukinnar sjálfsþekkingar en átti sig jafnframt á að við val þarf að huga að mörgum þáttum og val og áhugi getur breyst, einkum með nýrri reynslu
- velji sér áhugaverða staði til að heimsækja og velti fyrir sér og skrái hjá sér hvaða upplýsinga þeir vilja afla
- viti hvert hlutverk sitt er á starfskynningastað og viti hvaða kröfur eru gerða um skil á verkefni um heimsóknirnar
- vinni úr þeim upplýsingum sem þeir öfluðu í heimsóknum, æfist í að undirbúa kynningu og æfist í að standa fyrir framan áhorfendur og flytja kynningu

Fjölbreyttar aðferðir verða nýttar til að ná þessum markmiðum s.s. fyrirlestrar og innlagnir náms- og starfsráðgjafa, heimsóknir ýmissa starfsstétta í starfsfræðsutíma, ferðir í fyrirtæki og stofnanir, heimsókn í framhaldsskóla, starfskynningardagar á vinnustað, undirbúningur og úrvinnsla þeirra heimsókna, ýmis verkefnavinna, umræður og spurningar. Stuðst er við náms- og starfsfræðsluefnið Stefnan sett.

Nemendur eru hvattir til að vera virkir þátttakendur í mótun námskeiðsins t.d. með því að koma með hugmyndir að heimsóknum, velta fyrir sér og leita að stöðum sem þeir hafa áhuga á að heimsækja og koma undirbúnir með spurningar tengt námi og störfum sem þeir vilja fá svör við.

Námsmat:

Umsögn og einkunn í bókstöfum gefin í vor. Þar liggur til grundvallar virkni, hegðun og þátttaka í tímum og heimsóknum, virkni og vinnusemi í að finna sér áhugaverðan stað til að heimsækja, gera forkönnun á starfi og fyrirtæki og setja niður spurningar sem nemandi vill fá svör við. Umsögn fyrir skil og kynningu á verkefnunum nám og störf, ferilskrá og kynning á heimsókn í fyrirtæki/stofnun.